

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar

Við leitum að framsæknum og drifandi leiðtoga í starf sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar. Leitað er að stjórnanda með skýra sýn og brennandi áhuga á fræðslu- og frístundamálum til að leiða málaflokkinn á miklum uppbyggingartímum í sveitarfélaginu.



Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd fræðslu- og frístundamála
- Undirbúningur mála fyrir fræðslunefnd og eftirfylgni með ákvörðunum nefndarinnar
- Stefnumótun í fræðslu- og frístundamálum í samvinnu við fræðslunefnd
- Ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum
- Forysta við þróun og innleiðingu nýjunga á sviði fræðslu- og frístundamála ásamt mati á árangri og eftirliti
- Yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykktá um fræðslumál
- Samráð við opinbera aðila, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila á sviði fræðslu- og frístundamála

Fræðslu- og frístundasvið starfrækir fimm grunnskóla, átta leikskóla, frístundamiðstöðina Bólið, Listaskóla Mosfellsbæjar og öfluga skólalþjónustu.

Frekari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225 og Kristján Þór Magnússon, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfis Mosfellsbæjar (kristjan@mos.is), í síma 525 6700.

Umsókn óskast fyllt út á ráðningarsíðu Mosfellsbæjar á www.alfred.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku) þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2024.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Farsæl reynsla af stjórnun með mannaforráð er skilyrði
- Víðtæk þekking á skóla- og frístundaumhverfi sveitarfélaga
- Góð þekking á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Víðtæk reynsla af og þekking á opinberri stjórnsýslu
- Leiðtogahæfni og reynsla af breytingastjórnun og nýsköpun í starfi
- Mikið frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Yfirburða samskiptahæfni og þjónustumiðuð hugsun
- Mjög góð hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli, bæði á íslensku og ensku

Sviðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra og situr í yfirstjórn sveitarfélagsins.



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúta 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Listahátíð í Reykjavík
Reykjavik Arts Festival

Listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík

Listahátíð í Reykjavík var stofnuð árið 1970 og stendur fyrir alþjóðlegri listahátíð annað hvert ár. Hátíðin er í stöðugri þróun. Aðild að Listahátíð í Reykjavík eiga menningar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavíkurborg og fulltrúaráð sem er skipað helstu lista- og menningarstofnunum.

Stjórn Listahátíðar í Reykjavík auglýsir samkvæmt skipulagsskrá hátíðarinnar laust starf listræns stjórnanda.

Listrænn stjórnandi er yfir stofnuninni og er ráðinn af stjórn hennar til allt að fjögurra ára í senn. Listrænn stjórnandi setur tóninn varðandi listræna stefnu hátíðarinnar og ber ábyrgð á framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga með gott listrænt innsæi.

Starfssvið:

- Mótun listrænnar stefnu hátíðarinnar.
- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Ábyrgð og framkvæmd á fjárhagsáætlun hátíðarinnar, þ.m.t. eftirfylgni og uppgjör.
- Heildarskipulag og yfirsýn hátíðarinnar.
- Samningagerð við listafólk, stofnanir og styrktaraðila.
- Eftirfylgni styrkumsókna og fjáröflun fyrir hátíðina.
- Þátttaka í markaðs- og kynningarmálum.
- Ýmis önnur verkefni sem listrænn stjórnandi hátíðarinnar sinnir.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri, þ.m.t. áætlanagerð, kostnaðareftirliti og uppgjörum.
- Reynsla af menningarstjórnun auk þekkingar og áhuga á listalífi héraðs og erlendis.
- Þekking á markaðssetningu og sölu viðburða.
- Reynsla af samningagerð.
- Leiðtogahæfileikar og skapandi hugsun við verkstjórn og framkvæmd verkefna.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, metnaður og jákvætt viðmót.
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Hæfni til að koma fram á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og miðla upplýsingum á aðgengilegan hátt.

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og listrænni sýn.


Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF





FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Fríkirkjan við Tjörnina (Hinn Evangelísk Lúterski Fríkirkjusöfnuður í Reykjavík) er vaxandi söfnuður í hjarta Reykjavíkur sem þjónar öllum, óháð búsetu. Hún er lýðræðishreyfing sem varð til þegar Ísland hlaut trúfrelsi frá Dönum og var því hluti af sjálfstæðisbaráttu okkar þjóðar. Söfnuðurinn hefur vel rúmlega tvöfaldast að meðlimafjölda undanfarin 26 ár og telur nú hátt í 11.000 manns.

Áhersla er lögð á mannréttindi umfram bókstafshyggju og eru gildi safnaðarins m.a. viðsýni, umburðarlyndi, frjálslýndi, jafnrétti og framsækni. Fríkirkjan er græn og grasróturvæn og leggur áherslu á umhverfismál og náttúruvernd. Fríkirkjan hefur lagt metnað og alúð í tónlistarstarf safnaðarins með blómstrandi barnakóra og státar af einstaklega skapandi, frjóu og öfluglu tónlistarlífi.

Fríkirkjan leggur áherslu á samkeppnishæf starfskjör.

Umsjón með starfinu hafa Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).



Prestur

Fríkirkjan við Tjörnina leitar að jákvæðum og drifandi leiðtoga til þjónustu við söfnuðinn. Við leitum að fjölbreyttum presti sem er tilbúinn að þjónusta söfnuðinn og leita tækifæra til að auka fjölbreytni í starfi kirkjunnar, halda gildum hennar á lofti og skapa tengingar við nærsamfélagið.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fjölbreytt helgihald og framkvæmd athafna.
- Mótun stefnu og framtíðarsýnar safnaðarins í samvinnu við forstöðumann og safnaðarráð og eftirfylgni með henni.
- Frumkvæði að helgihaldi og annarri þjónustu safnaðarins.
- Þátttaka í að efla barna- og unglingsstarf, sálsgæslu og aðra þjónustu við söfnuðinn.
- Virk þátttaka í uppbyggingu sterkrar liðsheild á meðal starfsfólks safnaðarins og safnaðarráðs.
- Samvinna, samskipti og marviss tenging við okkar stóra og dreifða samfélag.

Hæfniskröfur:

- Meistaragráða í guðfræði.
- Haldbær reynsla af helgihaldi.
- Framsýni, sveigjanleiki og vilji til að efla söfnuð Fríkirkjunnar til framtíðar.
- Framúrskarandi samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Þórkatla

Eignastjóri fasteigna

Þórkatla var stofnað þann 27. febrúar 2024 og er tilgangur þess að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis innan þéttbýlisins í Grindavík. Starfsstöð eignastjóra er á höfuðborgarsvæðinu.

Þórkatla leitar að drifandi og öflugum aðila í starf eignastjóra fasteigna félagsins. Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum og hefur góða reynslu á sviði bygginga og viðhalds. Eignastjóri fasteigna hefur yfirumsjón með öllum rekstri og viðhaldi á fasteignum félagsins í Grindavík. Eignastjóri vinnur í nánun samstarfi við lykilstjórnendur félagsins, notendur fasteignanna sem og innri og ytri hagaðila.

Helstu verkefni:

- Umsjón með kostnaði vegna fasteigna og þjónustusamninga er snúa að rekstri og viðhaldi.
- Gerð áætlana um rekstur og viðhald eigna.
- Innkaup vegna verkefna, kostnaðareftirlit og yfirferð reikninga.
- Skráningar í eignastýringakerfi.
- Samskipti við ýmsa hagaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri bygginga og viðhaldsverkefnum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Framúrskarandi skipulagshæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hafa Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is) og Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

SÉRFRÆÐINGUR VIÐ HÖNNUNAREFTIRLIT

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins leitar að sérfræðingi til starfa við hönnunareftirlit og forvarnir á starfssvæði slökkviliðsins. Meginhluti starfsins felst í eftirliti með hönnun brunavarna í mannvirkjum og á lóðum auk skráningar og gagnavinnu. Við leitum að einstaklingi sem hefur góða færni í mannlegum samskiptum og getu til að vinna með öðrum, jafnframt því að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi sínu.

Helstu verkefni:

- » Yfirferð hönnunargagna og umsagnir til byggingarfulltrúa um brunavarnir þeirra.
- » Skráningar og gagnaöflun vegna vinnslu mála.
- » Samskipti við hönnuði, byggingarfulltrúa og aðra málsaðila, bæði munnleg og skrifleg.
- » Leiðsögn og stuðningur vegna brunavarna einstakra mannvirkja.
- » Fagleg þróunarvinna á sviðinu.

Aðrar hæfniskröfur:

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða byggingafræði, meistaraþróf kostur.
- » Reynsla af brunahönnun og vinnu með byggingareglugerð.
- » Góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og færni til að gegna starfinu. Laun eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi. Við hvetjum öll óháð kyni og uppruna að sækja um. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu sem heyrir undir sviðsstjóra á forvarnasviði.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2024. Sótt er um starfið á alfred.is

Nánari upplýsingar veitir Aldís Rún Lárusdóttir sviðsstjóri forvarnasviðs á aldisrun@shs.is

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | Skógarhlíð 14 | S: 528 3000 | www.shs.is





GG VERK

Gæða- og öryggisstjóri framkvæmda

GG Verk óskar eftir að ráða lausnamiðaðan en jafnframt öryggisdrifinn einstakling í starf gæða- og öryggisstjóra. Hlutverk viðkomandi er að tryggja að við setjum ávallt öryggi starfsfólks í fyrsta sæti með því að tryggja öryggi og heilsusamlegt vinnuumhverfi og menningu.

Jafnframt ber gæða- og öryggisstjóri ábyrgð á að stuðla að framúrskarandi gæðum framkvæmda og lágmörkun mistaka og endurgerðar með virku eftirliti, þjálfun og fræðslu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Tryggja að farið sé eftir lögum, reglugerðum og stöðlum er varða byggingaframkvæmdir, meðferð og eftirlit með vinnuvélum og tækjum
- Framkvæma og tryggja reglubundið innra gæðaeftirlit með byggingaframkvæmdum og þátttaka í innri og ytri úttektum, þ.m.t. árlegri úttekt á ISO9001 gæðavottun
- Stýring og umsjón með öryggisfundum og ábyrgð á þjálfun starfsfólks og undirverktaka
- Tryggja að rétt sé staðið að gæða- og öryggismálum í undirbúningi verka og á meðan framkvæmdum standur.
- Framkvæmd áhættugreininga og gerð og eftirfylgni með öryggis- og heilbrigðisáætlunum
- Gerð fræðsluefnis og umsjón með réttum merkingum og skiltum um öryggismál á verkstöðum
- Tilkynningar og samskipti við Vinnueftirlitið og aðrar stofnanir um málefni er snúa að öryggismálum
- Þátttaka í stefnumótun, umbótaverkefnum og uppfærslu verklagsreglna er snúa að gæða- og öryggismálum
- Tryggja virka frávíkaskráningu, rötargreiningu og viðeigandi umbætur til að lágmarka hættu á endurtekningu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af framkvæmdum og öryggismálum í byggingaframkvæmdum
- Mikil þekking á byggingareglugerð og öðrum reglum/stöðlum sem gilda um gæði framkvæmda
- Mikil tölvukunnátta skilyrði ásamt færni í skýrslugerð, rötargreiningum og eftirfylgni úrbóta í öryggismálum
- Reynsla af ProCore er kostur
- Reynsla af vottuðu gæðakerfi á borð við ISO9001 er kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og ákveðni til eftirfylgni gæða- og öryggismála
- Jákvæð og lausnamiðuð hugsun og árangursmiðuð hugarfar
- Skipulagshæfni, sjálfstæði og geta til að hafa yfirsýn yfir fjölbreytt verkefni
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli

GG Verk er 18 ára gamalt byggingafyrirtæki sem er með alþjóðlega ISO9001 gæðavottun og háa starfsánægju. Þar starfar öflugur hópur fólks við að byggja vönduð mannvirki innan tilskilins tímaramma, af framúrskarandi metnaði og umhyggju fyrir fólki og umhverfi. Félagið sækist eftir umsækjendum sem vilja vera hluti af árangursdrifnu teymi og móta framtíðina með okkur í byggingariðnaðinum.

Starfsfólk og stjórnendur GG Verks starfa samkvæmt eftirfarandi gildum:

Fólk í fyrsta sæti, fyrirhyggja, áreiðanleiki og ábyrgð.

Nánari upplýsingar má finna á: www.ggverk.is.

Umsóknarfrestur er til og með **10. júní 2024**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.



FÓLK Í FYRSTA SÆTI



FYRIRHYGGJA



ÁREIÐANLEIKI



ÁBYRGÐ

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Pennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Hjá okkur er framtíðin gagnadrifin



Liðsfélagi í gagnateymi

Við hjá Landsneti trúum því að gögn séu lykillinn að snjallara og sjálfbærara raforkukerfi. Gagnadrifin framtíð sem byggir á rauntímavöktun og greiningum gagna eykur skilvirkni og auðveldar okkur að taka upplýstari ákvarðanir fyrir framtíð raforkukerfisins.

Þess vegna leitum við að nýjum liðsfélaga í gagnateymið okkar sem hefur það hlutverk að þróa gagnadrifna framtíð fyrirtækisins. Teymið hefur það að markmiði að auka sjálfvirkni í störfum og bæta gagnadrifna þjónustu byggða á sögulegum og rauntímaupplýsingum fyrir innri og ytri starfsemi Landsnets.

Helstu verkefni

- Vinna í rekstri og þróun á gagnagrunnum, vöruhúsum og rauntímagagnavinnslum.
- Greiningar, hönnun og útfærsla á gagnadrifnum lausnum.
- Virk þátttaka í þróun á gagnastefnu Landsnets.
- Stýring og forgangsröðun verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Nám eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking í gagnagrunnsforritun og gagnavinnslu.
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi.
- Hæfni til að forgangsráða og skipuleggja verkefni.
- Reynsla af því að stýra verkefnum er lúta að hagnýtingu gagna.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk. Sótt er um störfin á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, í gegnum netfangið mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drifur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

Við leiðum fólk saman

Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu



Viltu slást í hópinn og taka þátt í spennandi uppbyggingu?

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Á HSS eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Framundan er víðtæk uppbygging á stofnuninni, endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa og vera í hópi fagaðila og styrkja öfluga teymisvinnu sem bætir þjónustu við skjólstæðinga heilsugæslunnar.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleiðir og góðan starfsanda.

Helstu verkefni og ábyrgð

Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á teymisvinnu og samþætta þjónustu. Hjúkrunarfræðingar starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um heilbrigðisstarfsmenn, siðareglum og markmiðum hjúkrunar og deildarinnar.

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Faglegur metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvætt og hlýtt viðmót
- Gott vald á íslensku bæði í ræðu og riti.
- Starfsreynsla er kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi, ef við á. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og/eða umsögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSS við ráðningar á stofnunina. Öllum umsóknum verður svarað um leið og ráðið hefur verið í starfið. Umsókn gildir í 6 mánuði.

Starfsstöð er í Reykjanesbæ. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sinnir þjónustu í einu fjölmennasta heilbrigðisumdæmi á landinu, um 30.000 manns.

Starfshlutfall er 80-100%.

Umsóknarfrestur er til og með 03.06.2024

Nánari upplýsingar veita

Andrea Klara Hauksdóttir,
andrea.k.hauksdottir@hss.is, sími 422 0500
Alma María Rögnvaldsdóttir,
alma.m.rognvaldsdottir@hss.is, sími 422 0500



Hjá okkur er framtíðin ljós

Vefstjóri – við leitum að skapandi vefara

Við viljum vera í fararbroddi þegar kemur að upplýsinga- og samskiptamálum og leitum því að hugmyndaríkum vefara sem langar að koma vefmálum okkar til tunglsins, þó ekki í orðins fyllstu merkingu en nálægt því.

Við erum að leita að vefstjóra til að bæta í hópinn sem heldur utan um vefinn okkar, vef sem gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingagjöf, m.a. þegar ljósinn fara af landinu.

Ef þetta er eitthvað fyrir þig og þú hefur þekkingu og reynslu af vefmálum, hefur mögulega verkefnastýrt, ert með þjónustulund og elskar frumkvæði, langar til að vinna með skemmtilegu fólki sem hefur einlægan áhuga á framtíðinni og að segja sögur þá er þetta starf tilvalið fyrir þig.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á þróun og viðhaldi á landsnet.is og appinu okkar
- Verkefnastýring á framsetningu og innsetningu efnis
- Uppbygging vefja og snjallsímaforrita
- Þátttaka í verkefnum teymis markaðs- og samskiptamála

Við lofum þér m.a. spennandi verkefnum, frábærum vinnufélögum, dásamlegu mötuneyti, samgöngu- og líkamsræktarstyrkjum, já og góðu kaffi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bæta í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Valka Jónsdóttir, mannauðsstjóri, í gegnum netfangið mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykिलinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drifur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.



Bókari óskast

Ef þú ert talnaglögg/ur, átt auðvelt með tækni og hefur gaman af fjölbreyttum og krefjandi verkefnum þá ættirðu að sækja um.

Um er að ræða fullt starf á líflegum og skemmtilegum vinnustað þar sem áhersla er lögð á sveigjanlegt og fjölskylduvænt umhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoð við innleiðingu á nýju bókhaldskerfi og ræfvaðingu bókhalds
- Skráning og bókun reikninga
- Uppgjör VSK
- Afstemmingar
- Undirbúningur fyrir lokauppgjör
- Launavinnsla
- Önnur tilfallandi verkefni tengd bókhaldi og uppgjöri

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bókhaldsþekking kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Fljót/ur að tileinka sér nýja tækni
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Mikil þjónustulund

Fríðindi í starfi

- Íþróttastyrkur
- Samgöngustyrkur
- Sveigjanlegur vinnutími

Gildi Gæðaendurskoðunar eru

- Jákvæðni
- Áreiðanleiki
- Metnaður

Nánari upplýsingar veitir Kalman Stefánsson, kalman@endurskodandi.is eða í síma 595-0100.

mbl.is - Færir þér fréttirnar

Súðavíkurskóli

Laus störf skólaárið 2024-2025

Súðavíkurskóli er samrekin leik-, grunn-, og tónlistarskóli með einum stjórnanda, áætlað að það verði u.þ.b. 25 nemendur, þar sem unnið er eftir Uppbyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin: **Velliðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki**. Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, velliðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Við Súðavíkurskóla eru lausar stöður kennara við leik- og grunnskóla, einnig 50% staða í tónlistardeildina. Í grunnskólanum er samkensla árganga, í öllum námsgreinum. Helstu hæfniskröfur eru kennsluréttindi í tónlistar-, grunn- og leikskóla, reynsla af kennslu er kostur. Hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og samvisskusemi. Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í starfi. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu í ræðu og riti. Kostur er að þekkja byrjendalæsi og leiðsagnarnám.

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsókn skal skilað til Önnu Lindar Ragnarsdóttur skólustjóra, á netfangið annalind@sudavikurskoli.is og með umskókn skal fylgja ferilskrá, afrit af prófskírteinum og leyfisbréfi.

Umsóknarfrestur er til 27. júní 2024.

Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólustjóri í síma 450-5911, gsm 893-4985 eða í gegnum ofangreint netfang.

Vantar þig
lögfræðing?

FINNA.is

FINNA Q

ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA



Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði

Við óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing eða sjúkraliða til starfa við Meltingarsetrið frá og með fyrsta ágúst eða eftir samkomulagi. Starfið felst í aðstoð við meltingarfæraræglanir og eftirlit með sjúklingum. Tölvukunnátta æskileg. Starfshlutfall 60%.

Góður starfsandi og skemmtilegur vinnustaður.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda til Meltingarsetursins Bildshöfða 9, 110 Reykjavík eða á netfangið: meltingarsetrid@meltingarsetrid.is

Umsóknarfrestur til 8. júní 2024.



Sveitarfélagið Stykkishólmur

Bærinn við eyjarnar

Sveitarfélagið Stykkishólmur leitar að kraftmiklum fjármála- og skrifstofustjóra með mikla samskiptafærni. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, vandaður í vinnubrögðum ásamt því að hafa ríkan vilja til að taka þátt í að efla innra og ytra starf og þjónustu sveitarfélagsins.

Fjármála- og skrifstofustjóri stýrir fjármálum sveitarfélagsins og er yfirmaður á bæjar-skrifstofu. Starfið er mjög fjölbreytt og tekur skrifstofu- og fjármálastjóri virkan þátt í stjórnun og stefnumótun sveitarfélagsins ásamt því að leiða margþætt verkefni er varða stjórnsýslu og fjármál á tímum framfara og þróunar.

Skrifstofu- og fjármálastjóri er staðgengill bæjarstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og verkstjórn daglegra verkefna bæjar-skrifstofu.
- Yfirmaður fjármála og ábyrgð á umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningum, fjárhagslegum úttektum og kostnaðareftirliti sem og yfirferð samþykkrá reglna sveitarfélagsins og gjaldskrára.
- Ábyrgð á vinnu við ársreikninga og gerð rekstrar-, launa-, starfs-, og fjárhagsáætlana, ásamt eftirliti með framgangi þeirra.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við undirbúning fundna og viðvera á bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundum, umsýsla og ritun fundargerða og eftirfylgni með ýmsum málum.
- Yfirumsjón með mannauðs- og kjaramálum í samvinnu með mannauðs- og launafulltrúa, þ.m.t. upplýsingagjöf til starfsmanna og stjórnenda vegna launamála, samninga og verklagsreglna, og samskipti vegna kjarasamninga og túlkun á þeim.
- Ábyrgð á innkaupum, aðkoma að samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Yfirumsjón með skjalavörslu sveitarfélagsins og stofnana þess.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna erinda er snúa að fjármálum og annari þjónustu bæjarfélagsins, ásamt samskiptum við ýmsa opinbera aðila.
- Ábyrgð á stjórnsýslu, þróunarstarfi og nýsköpun í stjórnsýslu.
- Staðgengill bæjarstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskipta- eða hagfræði.
- Þekking og farsæl reynsla af fjármálastjórn og rekstri, þ.m.t. áætlanagerð.
- Farsæl reynsla af stjórnun.
- Yfirgripsmikil þekking á málefnum sveitarfélaga og reynsla á opinberri stjórnsýslu.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi.
- Góð tölvukunnátta
- Kunnátta í Navision bókhaldskerfum er kostur.
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði, skipulagshæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni.
- Samvisskusemi og nákvæmni í starfi,
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Með umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2024. Eingöngu er hægt að sækja um starfið í gegnum ráðningarvefinn Alfred.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, jakob@stykkisholmur.is, s. 433 8100.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sveitarfélagið Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi og dregur nafn sitt af þéttbýlinu Stykkishólmi sem stendur við Breiðafjörð og er rómað fyrir einstaklega fallett bæjarstæði. Um 1.330 manns búa í sveitarfélaginu sem er innan við tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar bæjarfélagið af ríkulegu íþróttar- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rötgrónum mennta- og menningarstofnunum. Alla helstu grunnþjónustu er að finna á svæðinu, m.a. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, öflugt íþróttastarf, heilsugæsla, bókasafn, lágvörðverslun og margt fleira. Þá eru atvinnuvegir fjölbreyttir og samfélagið fjölskylduvænt. Blómleg ferðaþjónusta býður ótal skemmtilega afþreyingarmöguleika fyrir heimafólk sem og gesti. Í sveitarfélaginu er fjölskrúðug og falleg náttúra og gott mannlíf. Það eru spennandi tímar og mikil uppbygging framundan í sveitarfélaginu. Aðstaða er fyrir störf óháð staðsetningu, t.d. fyrir maka.

Víkingur er í liði með Póstdreifingu

8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.

Handbolti 5. flokkur
Safna fyrir Partille Cup í Gautaborg

8 skipti – 1 sinni í viku
Upphæð: 500.000 kr.



Skráðu þinn hóp



 **Póstdreifing**



Tilkynningar



Aðalfundur

Félags skipstjórnarmanna verður haldinn föstudaginn 31. maí nk. á Grand Hótel í Reykjavík í salnum Hvammi kl. 14.00

Dagskrá

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á næst liðnu ári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess lagðir fram og bornir undir atkvæði.
- Kjöri formanns og stjórnar lýst.
- Kosning kjörstjórnar sbr. 13.gr. og löggilts endurskoðanda sbr. 15.gr.
- Kjör fulltrúa félagsins í stjórnir ráð og nefndir eftir því sem við á.
- Ákvörðun stjórnarlauna skv. 9. gr.
- Önnur mál.

ATH. Fundurinn verður einnig fjarfundur, félagsmenn munu fá upplýsingar í tölvupósti.

Stjórnin

Norðurþing



Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.

Skipulags- og framkvæmdaráð, samþykkti á fundi sínum þann 16.4. 2024 að kynna tillögu að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni við Kópasker skv. 1 mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér nýja vegtengingu inn á eldissvæðið sem tengist þjóðvegi gegnt Kotatjörn. Skipulagssvæðið stækkar til austurs þannig að það nái þá yfir fyrirhugaðan nýjan aðkomuveg, en meðfram Sléttuvegi eru mörk deiliskipulagsins við 30 m veghelgunarsvæði vegarins. Skipulagssvæðið stækkar úr 10,3 ha í 11,5 ha.

Markmið með breytingu deiliskipulagsins er að draga úr umferð stóra ökutækja í gegn um byggðina á Kópaskeri og jafnframt að létta umferðarálagi af Röndinni.

Breytingartillagan ásamt greinargerð er sett fram á einu blaði í blaðstærð A1.

Breytingartillaga þessi er nú til kynningar á heimasíðu Norðurþings (nordurthing.is) auk þess sem hún hangir uppi á skrifstofu Norðurþings á Húsavík og Kópaskeri. Kynningartími skipulagsins er frá 30. maí 2024 til 11. júlí 2024. Þeim sem kynnu að hafa ábendingar eða athugasemdir er bent á að koma þeim á framfæri við Norðurþing fyrir 11. júlí 2024. Tekið verður á móti ábendingum á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (skipulagsgatt.is) undir málnúmeri 602/2024 eða á nordurthing@nordurthing.is.

Húsavík 21. maí 2024
Skipulagsfulltrúi Norðurþings

Tilboð/útboð

ÚTBOÐ



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043
Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Suðurborg, 2024 - Endurgerð lóðar - 2. áfangi,**
útboð nr. 16013
- Arnarborg 2024. Endurgerð lóðar - 1. áfangi,**
útboð nr. 16015

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod



Skipulagslýsingar vegna breytinga á deiliskipulagi

Borgartúnsreitur Vestur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. maí 2024 var samþykkt að kynna skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi fyrir Borgartúnsreit vestur, dags. í maí 2024. Skipulagslýsingin er til að skýra og móta byggingarheimildir á lóðunum Borgartúni 5 og 7 ásamt Guðrúnartúni 6 fyrir blandaða byggð íbúða, þjónustu og atvinnu.

Sóleyjarimi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. maí 2024 var samþykkt að kynna skipulagslýsingu fyrir Sóleyjarima dags. í maí 2024. Skipulagslýsingin nær til nýrrar íbúðabyggðar við Sóleyjarima. Viðfangsefnið er að gera deiliskipulag fyrir lóð þannig að unnt verði að koma fyrir íbúðabyggð með 65-96 íbúðum.

Elliðaárdalur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. maí 2024 var samþykkt að kynna skipulagslýsingu fyrir Elliðaárdal dags. í apríl 2024. Skipulagslýsingin nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinhólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun. Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir. Fjallað verður um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem aðgengileg tenging yfir dalinn ásamt mögulegum dvalar og áningarstöðum. Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á lífríkið á svæðinu og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna frárennslis frá byggð í Elliðaárna. Neðan stíflunnar er markmið breytts skipulags að auka umferðaröryggi um Rafstöðvarveg meðan staðinn er vörður um sjónræn tengsl Árbæjarstíflu og Elliðaárvirkjunar. Markmiðið er að umhverfi og dalurinn allur verði áfram einstök náttúru og útivistarperla.

Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 28. júní 2024 í gegnum Skipulagsgáttina <https://skipulagsgatt.is/> en þar er einnig hægt að skoða skipulagslýsingarnar.

Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík

Félagsstarf eldri borgara

Árskógar 4 Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Líkamsrættarhornið opið. Gönguhópur kl. 10. Samvera með presti kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Söngstund 14:00-14:45. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12:45.. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

Boðinn Fimmtudagur 30. maí: Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.

Dalbaut 18-20 Handavinnusamvera kl.9.30, söngstund með Baldri kl.14.

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 8:30-12:00 Morgunleikfimi á RUV kl. 9:45-10:00. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:30. Heimalaikfimi á RUV kl. 13:25-13:35. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

Garðabær 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 13.30 Spurt og svarað með Arnari Þór Jónssyni 11.15 Boccia 13.20-16.00 Kaffiveitingar í Jónshúsi

Gerðuberg Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni. Bútasamur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu

Gjábakki Opin handavinnustofa og verkstæði kl. 8.30 til 11.25. Qi-gong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11.30 til 12.45. Bókband kl. 13 til 15.30.

Gullsmári Fimmtudagur: Opin handverksstofa frá kl. 9:00-16:00. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Jóga kl. 17:00.

Hraunsel Fimmtudaga: Billjard: Kl. 8:00-16:00. Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.

Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 - 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

Korpúlfar Borgir Fimmtudagur: Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00 Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canastakl. 12:30. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00. Gleðin býr í Borgum **Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43** Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilínu 10:00. Memmm fjölskyldustund 13:00 - 15:00. Samprjón 13:00 - 14:30. Bingó 13:00. Opið kaffihús 14:30 - 15:30, allir velkomnir.

Samfélagshúsið Vítorgi Opin handverksstofa kl. 9:00-12:00. Ókeypis líkamspjálfun í Valsheimilínu, Vítamín í Val, kl. 10:00-11:00. Kvikmynd í setustofu kl. 12:45-14:30. Leysum sudoku og fleiri þrautir í matsal kl. 13:30. Þrjónahópur í handverksstofu kl. 13:00-16:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

Seltjarnarnes Vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 07.10. kaffikrókur á Skólbraut frá kl. 9.00. Karlakaffi í safnaðarheimilinu kl. 14.00. Minnum alla á handverkssýningu eldri borgara sem verður nk. laugardag og sunnudag í salnum á Skólbraut milli kl. 11.00 og 17.00

Vantar þig fagmann?
FINNA.is

FINNA Q

ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Svefn & heilsa
★★★★★

NÓA
KROPP



Ísland vaknar

Pór Bæring, Kristín Sif og Bolli Már

Virka morgna frá 6–10

K100

Hækkaðu í gleðinni